

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi suðurbæjar sunnan Hamars vegna Suðurgötu 41 og Hlíðarbrautar 10-12.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 31. janúar 2024 að endurauglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi suðurbæjar sunnan Hamars vegna Suðurgötu 41 og Hlíðarbrautar 10-12. Breytingin felst í að í stað þriggja lóða er gert ráð fyrir fimm lóðum og mörk lóða breytast án þess að heildarstærð svæðis breytist. Nýbyggingar verða fjórar, tvö einbýli og tvö tvíbýli. Tillagan gerir auk þess ráð fyrir breytingu á gatnamótum Hlíðarbrautar og Hringbrautar vegna umferðaröryggis.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagsskilmálum Skarðshlíðar.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 31. janúar 2024 að auglýsa breytingu á deiliskipulagsskilmálum Skarðshlíðar. Breytingin felst breytingu á köflum 4.9 vegna frágangs lóða og 4.10 vegna girðinga.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 12.
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 12. Breytingin felst í stækkun byggingarreits og hækkun nýtingarlutfalls úr 0,5 í 0,56.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. maí 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.